



## HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2022



Þróunarsvið, 9. október 2023  
Þorkell Stefánsson

---

## Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 27.694 við áramót 2022/2023. Á árinu 2022 fjölgaði stöðugildum um 788 eða 2,9% en árið áður hafði þeim fjölgað um 1.341 sem voru 5,2%.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%).
- Hæsta hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins af íbúafjölda á vinnualdri (15-64 ára) er á Norðurlandi vestra 11,7% og þar næst á höfuðborgarsvæðinu 11,6%. Lægsta hlutfall stöðugilda af íbúafjölda á vinnualdri er á Suðurnesjum 7,4% og Suðurlandi 8,0%.
- Stöðugildum kvenna fjölgaði um 669 (3,9%) árið 2022 en stöðugildum karla fjölgaði um 119 (1,2%).
  - Stöðugildum karla fjölgaði mest hjá ISAVIA og Landspítala en þeim fjölgaði einnig hjá Hrafnistu, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.
  - Stöðugildum kvenna fjölgaði mest hjá Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hrafnistu, ISAVIA og Háskóla Íslands.
- Mest fjölgun stöðugilda árið 2022 varð í Reykjavík (209 – m.a. vegna Landspítala og Háskóla Íslands), í Hafnarfirði (203 – helst vegna flutninga skrifstofu ISAVIA og fjölgunar á hjúkrunarheimilum) og í Reykjanesbæ (161 – m.a. vegna ISAVIA og Lögreglustjórans á Suðurnesjum). Einnig fjölgaði stöðugildum talsvert í Árborg, Akureyrarbæ, Borgarbyggð, Bláskógabyggð og Akraneskaupstað. Auk þess fjölgaði stöðugildum um 10 eða fleiri í Eyjafjarðarsveit, Múlaþingi og Fjarðabyggð.
- Stöðugildum fækkaði um fimm eða fleiri í Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ, Grindavíkurbæ og Skagafirði.
- Um 45% stöðugilda á vegum ríkisins heyra undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins. Þeirra á meðal eru tæplega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mörg stöðugildi eru einnig vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis (10,2%), innviðaráðuneytis (9,1%), mennta- og barnamálaráðuneytis (8,6%) og dómsmálaráðuneytis (8,2%).

## Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Bygðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi á stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er ekki talið með í greiningunni. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2022/2023. Starfsfólk eru mun fleira en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram sem fjöldi stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfín eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni er til. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, [thorkell@byggdastofnun.is](mailto:thorkell@byggdastofnun.is).

## Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót níu ár í röð, skipt niður á konur og karla. Stöðugildum hefur alltaf fjölgað á milli ára en þó mest árið 2021. Sú fjölgun tengdist að talsverðu leyti COVID-19, s.s. vegna sóttkvíar starfsfólks í heilbrigðisgeiranum á þeim tíma. Nokkuð dró úr fjölgun stöðugilda árið 2022 en þeim fjölgaði þó um 788 eða 2,9% sem er meiri fjölgun en á árunum fyrir 2021.

Þann 31. desember 2022 var heildarfjöldi stöðugilda 27.694, þar af voru 18.015 skipuð af konum og 9.679 af körlum. Hlutfall stöðugilda kvenna hefur hækkað frá áramótum 2013/2014, þegar konur voru í 63,0% stöðugilda, í 65,1% við áramót 2022/2023. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum voru tæp 12 þúsund stöðugildi í árslok 2022 og skipuðu konur um 83% þeirra. Mest fjölgun stöðugilda hjá stökum aðilum árið 2022 var hjá Landspítala, ISAVIA, Hrafnistu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Háskóla Íslands. Mest fækkun stöðugilda var hjá Íslandspósti, Þjóðleikhúsinu, Raunvísindastofnun, Alþingi og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2014/2015.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára	
31.12.2014	14.357	8.430	22.786	+132	+0,6%
31.12.2015	14.600	8.557	23.157	+371	+1,6%
31.12.2016	15.032	8.686	23.718	+561	+2,4%
31.12.2017	15.500	8.890	24.391	+673	+2,8%
31.12.2018	15.853	9.027	24.880	+489	+2,0%
31.12.2019	15.997	9.200	25.197	+317	+1,3%
31.12.2020	16.439	9.126	25.565	+368	+1,5%
31.12.2021	17.345	9.561	26.906	+1341	+5,2%
31.12.2022	18.015	9.679	27.694	+788	+2,9%

Flokkun stöðugildanna 27.694 með hliðsjón af forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, nr. 6/2022<sup>1</sup> má sjá í töflu 2. Stöðugildi hjá stofnunum sem hér flokkast undir yfirstjórn ríkisins, eru 323 stöðugildi. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar og önnur vegna Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns alþingis og embættis forseta Íslands. Um 45% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða 12.409. Þar af eru tæplega fimm þúsund vegna Landspítala. Auk þess er stór hluti stöðugildanna vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 10% stöðugilda heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti eða 2.811. Stærstur hluti þeirra eru vegna háskólanna og þar veigamestur Háskóli Íslands með um 1.500 stöðugildi.

Alls tilheyra 2.509 stöðugildi innviðaráðuneytinu, eða 9%, og þar munar mest um stöðugildi hjá ISAVIA og tengdum félögum, Íslandspósti og Vegagerðinni. Önnur 9% eða 2.391 heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið en það eru fyrst og fremst störf í framhaldsskólum landsins. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.267 stöðugildi eða 8%. Flest þeirra eru hjá lögreglu- og sýslumannsembættum og nokkur hluti hjá dómstólum, Landhelgisgæslunni, Þjóðkirkjunni og Fangelsismálastofnun. Með málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins teljast 1.179 stöðugildi eða 4%. Þeirra á meðal eru stöðugildi hjá Landsvirkjun, RARIK, Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnun. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 1.038 stöðugildi eða 4%. Stór hluti þeirra er hjá Skattinum og ÁTVR. Stöðugildi sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið eru 854 eða 3% og eru meðal annars hjá RÚV, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsinu og Landsbókasafninu.

Undir matvælaráðuneytið heyra 607 stöðugildi eða 2% en Hafrannsóknarstofnun, Matvælastofnun, Matís, Skógræktin og Landgræðslan eru meðal stofnana sem heyra undir málaflokka þess. Forsætisráðuneytinu fylgja 518 stöðugildi eða 2%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Undir málaflokka félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins flokkast 489 stöðugildi eða 2%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Utanríkisráðuneytið hefur 299 stöðugildi eða 1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, Sendiráð Íslands, Íslandsstofa o.fl.

---

<sup>1</sup> Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2022006.html>

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	170	153	323	1,2%
Heilbrigðisráðuneyti	10.244	2.166	12.409	44,8%
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.602	1.209	2.811	10,1%
Innviðaráðuneyti	965	1.544	2.509	9,1%
Mennta- og barnamálaráðuneyti	1.512	879	2.391	8,6%
Dómsmálaráðuneyti	996	1.271	2.267	8,2%
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	459	719	1.179	4,3%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	518	521	1.038	3,7%
Menningar- og viðskiptaráðuneyti	483	371	854	3,1%
Matvælaráðuneyti	289	318	607	2,2%
Forsætisráðuneyti	264	254	518	1,9%
Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	344	145	489	1,8%
Utanríkisráðuneyti	169	130	299	1,1%
Samtals stöðugildi	18.015	9.679	27.694	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 70% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Á heildina litið samsvarar fjöldi stöðugilda ríkisins um 7% af íbúafjölda landsins, eða tæplega 11% íbúa á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á Norðurlandi vestra (11,7%) og næst hæst á höfuðborgarsvæðinu (11,6%). Lægst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 7,4% en þar fjölgaði stöðugildum þó hlutfallslega mest á milli ára. Mest munaði þar um fjölgun starfa hjá félögum tengdum ISAVIA og einnig hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Á Suðurlandi var fjölgun stöðugilda einnig hlutfallslega mikil og munar þar mestu um fjölgun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.21	Íbúafjöldi 1. jan 2023	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	12.694	6.716	19.411	+365 (+1,9%)	247.533	63,8%	70,1%	7,8%	166.656	11,6%
Suðurnes	823	788	1.612	+155 (+10,7%)	31.049	8,0%	5,8%	5,2%	21.689	7,4%
Vesturland	628	285	912	+41 (+4,7%)	17.541	4,5%	3,3%	5,2%	11.186	8,2%
Vestfirðir	306	183	489	+6 (+1,3%)	7.379	1,9%	1,8%	6,6%	4.850	10,1%
Norðurland vestra	363	180	543	-11 (-2,1%)	7.432	1,9%	2,0%	7,3%	4.631	11,7%
Norðurland eystra	1.622	663	2.284	+60 (+2,7%)	31.792	8,2%	8,2%	7,2%	20.543	11,1%
Austurland	407	211	617	+20 (+3,4%)	11.227	2,9%	2,2%	5,5%	7.317	8,4%
Suðurland	1.135	624	1.760	+147 (+9,1%)	33.805	8,7%	6,4%	5,2%	22.087	8,0%
Erlendis	36	29	66	+5 (+7,4%)	-	-	-	-	-	-
Samtals	18.015	9.679	27.694	+788 (+2,9%)	387.758	100%	100%	7,1%	258.959	10,7%



Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 45% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst 52% á Norðurlandi eystra og þar næst 51% á Vesturlandi og Austurlandi. Hlutfallið er lægst 23% á Suðurnesjum og næst lægst 37% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins eru um 10% allra stöðugilda á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er hæst á höfuðborgarsvæðinu 12%, næst hæst 11% á Norðurlandi eystra en 10% á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Í öðrum landshlutum eru stöðugildi vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins 1% eða minna af öllum stöðugildum. Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka innviðaráðuneytisins er um 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 49%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Stöðugildi sem tilheyra mennta- og barnamálaráðuneytinu eru um 9% stöðugilda landsins og eru flest þeirra vegna starfa í framhaldsskólum. Hæst er hlutfall þeirra 12% á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi en lægst 6% á Suðurnesjum og 7% á Vestfjörðum. Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 8% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum eru þau 17% allra stöðugilda og eru aðallega hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunni. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 14%, flest eru þau vegna Fangelsismálastofnunar og Lögreglustjórans á Suðurlandi.


Mörg stöðugildi á Vestfjörðum, eða 14%, tilheyra málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða. Á Suðurlandi eru 11% stöðugilda vegna málaflokka ráðuneytisins enda er mikill fjöldi stöðugilda hjá Landsvirkjun, RARIK og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið er hæst 4% á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Flest stöðugildanna eru hjá Skattinum og ÁTVR. Flest stöðugildi undir menningar- og viðskiptaráðuneytinu eru á höfuðborgarsvæðinu en fá annars staðar, fyrir utan Norðurland eystra þar sem eru nokkur stöðugildi hjá RÚV og Ferðamálastofu.

Stöðugildi sem heyra undir matvælaráðuneytið eru á bilinu 2% til 4% stöðugilda í öllum landshlutum, fyrir utan Suðurland þar sem þau eru 6% og Suðurnes þar sem þau eru undir 1%. Á Suðurlandi er nokkur fjöldi stöðugilda hjá Matvælastofnun, Landgræðslu ríkisins og Skógræktinni sem heyra undir matvælaráðuneytið.

Norðurland vestra sker sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Þar heyra 7% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar.

Öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu og flest stöðugildi sem heyra undir forsætisráðuneytið eru einnig staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Eina undantekningin frá því eru stöðugildi hjá Jafnréttisstofu á Norðurlandi eystra. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf utan höfuðborgarsvæðisins, fyrst og fremst stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð.



Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.

## Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 365 eða um 1,9% á árinu 2022 (tafla 4). Í Reykjavíkurborg voru stöðugildi við áramót 209 fleiri en á síðasta ári, eða sem nemur 1,3%. Þar fjölgaði nokkuð hjá Landspítala, Háskóla Íslands, Hrafnistu og Listaháskóla Íslands en á móti fækkaði stöðugildum í Reykjavík vegna flutninga skrifstofu ISAVIA til Hafnarfjarðar og flutninga Íslenskra orkurannsókna í Kópavog, svo dæmi séu tekin. Þar fækkaði stöðugildum einnig m.a. hjá Þjóðleikhúsinu og Íslandspósti í Reykjavík. Í Hafnarfjarðarkaupstað fjölgaði stöðugildum um 202 eða 24,9% milli ára, helst vegna flutninga ISAVIA og Ráðgjafar- og greiningarstöðvar til Hafnarfjarðar og þar fjölgaði stöðugildum einnig hjá Hrafnistu og Sólvangi. Í Kópavogsbæ varð 30 stöðugilda fækkun eða 3,0%, meðal annars vegna fækkunar hjá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu og flutninga Ráðgjafar- og greiningarstofu, þó Íslenskar Orkurannsóknir hafi flutt þangað á móti og fjölgað hafi hjá Útlendingastofnun. Stöðugildum í Mosfellsbæ fækkaði um 14 eða 4,8%, meðal annars vegna Reykjalunds og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Í Garðabæ fækkaði stöðugildum um 8 eða 1,7% og í Seltjarnarnesbæ fjölgaði stöðugildum um fimm.

Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Garðabær	282	283	271	263	272	273	293	469	461
Hafnarfjarðarkaupstaður	750	652	671	659	612	612	797	810	1.012
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kópavogsbær	635	623	766	768	834	961	970	994	964
Mosfellsbær	304	304	299	265	270	271	284	291	277
Reykjavíkurborg	14.179	14.520	14.676	15.095	15.440	15.599	15.819	16.380	16.589
Seltjarnarnesbær	32	34	33	51	48	102	99	101	106
Samtals	16.183	16.417	16.717	17.103	17.477	17.818	18.263	19.046	19.411

## Suðurnes

Á Suðurnesjum fjölgaði stöðugildum um 155 eða 10,6% á árinu 2022. Í Reykjanesbæ fjölgaði um 160 eða 11,4% og er það fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá félögum tengdum ISAVIA en einnig hjá Lögreglustjórnnum á Suðurnesjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (tafla 5). Í Grindavíkurbæ fækkaði stöðugildum um átta eða 15,7%, meðal annars hjá Umhverfisstofnun. Í Suðurnesjabæ fjölgaði stöðugildum um þrjú en þar var opnuð dagdvöl aldraðra árið 2022.

Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Grindavíkurbær	35	37	38	40	40	40	40	51	43
Reykjanesbær	962	1.080	1.238	1.389	1.405	1.345	1.186	1.402	1.562
Suðurnesjabær	2	3	4	4	4	3	3	4	7
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	0	0	1	1	0	0
Samtals	1.000	1.121	1.281	1.433	1.449	1.389	1.230	1.457	1.612

## Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 41 árið 2022 sem jafngildir 4,7% (tafla 6). Mest fjölgun stöðugilda varð í Borgarbyggð, 22 stöðugildi eða 9,5%, meðal annars vegna fjölgunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst. Stöðugildum fjölgaði um 16 eða 4,1% í Akraneskaupstað, mest hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í Dalabyggð fjölgaði stöðugildum um fjögur og í Stykkishólmi fjölgaði um eitt en í Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Snæfellsbæ stóð fjöldi stöðugilda í stað. Í Grundarfjarðarbæ fækkaði stöðugildum um tvö.

Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Akraneskaupstaður	334	329	346	367	378	382	370	393	409
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224	232	254
Dalabyggð	58	61	61	60	58	55	51	55	59
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	52	49	50	49	49	51	54	55	53
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	1	0	0
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4	7	7
Snæfellsbær	40	38	43	43	42	46	42	43	43
Sveitarfélagið Stykkishólmur	100	91	87	85	84	83	86	87	88
Samtals	834	824	816	831	833	843	832	871	912

### Vestfirðir

Á Vestfjörðum fjölgaði stöðugildum um sex eða 1,2% árið 2022 og var fjölgunin að mestu bundin við Ísafjarðarbæ (tafla 7). Í Ísafjarðarbæ fjölgaði stöðugildum um átta eða 2,3%, mest vegna Fjölmenningarseturs og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða en á móti fækkaði stöðugildum m.a. hjá Veðurstofnunni. Í Strandabyggð fjölgaði stöðugildum um tvö en í Reykhólahreppi og Árneshreppi stóð fjöldi stöðugilda í stað. Í Vesturbyggð fækkaði stöðugildum um þrjú og í Bolungarvíkurkaupstað fækkaði um tvö.

Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Árneshreppur	2	2	2	2	2	1	1	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	33	28	27	26	23	22	21	26	24
Ísafjarðarbær	281	287	312	315	321	316	324	347	355
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	1	1	1	0	0
Reykhólahreppur	10	12	13	12	11	12	12	11	11
Strandabyggð	38	39	41	38	40	40	39	38	40
Súðavíkurhreppur	1	1	0	0	1	1	0	0	0
Táknafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	51	53	58	56	55	57	59	60	57
Samtals	414	420	453	449	454	449	457	483	489

### Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fækkaði um 12 stöðugildi árið 2022 eða 2,2% (tafla 8). Mest fækkun varð í Sveitarfélaginu Skagafirði eða um sjö stöðugildi, en það eru 2,0%. Þar munaði mestu um fækkun stöðugilda hjá Háskólanum á Hólum og Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Í Sveitarfélaginu Skagaströnd fækkaði stöðugildum um fjögur eða 11,4% en þar varð fækkun m.a. hjá Vinnumálastofnun. Í Húnabyggð fækkaði stöðugildum um eitt en í Húnaþingi vestra stóð fjöldi stöðugilda í stað.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Húnabyggð	100	95	93	97	99	94	98	99	98
Húnaþing vestra	64	66	62	62	63	65	64	69	69
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skagafjörður	286	290	299	299	304	307	324	343	336
Sveitarfélagið Skagaströnd	36	35	34	35	36	38	43	44	40
Samtals	485	485	488	494	502	504	528	555	543



## Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 60 eða 2,7% á Norðurlandi eystra á árinu 2022 (tafla 9). Mest fjölgaði stöðugildum í Akureyrarbæ, um 38 eða 2,2%. Þar kom fjölgunin meðal annars til vegna fjölgunar hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Í Eyjafjarðarsveit fjölgaði stöðugildum úr einu í 14 þegar meðferðarheimilið á Laugalandi var enduropað og er nú ríkisrekið. Í Norðurþingi fjölgaði stöðugildum um sex og í Dalvíkurbyggð og Langanesbyggð um þrjú. Í Grýtubakkahreppi fækkaði stöðugildum um tvö og í Þingeyjarsveit fækkaði um eitt. Í Fjallabyggð stóð fjöldi stöðugilda í stað.

Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Akureyrarbær	1.395	1.405	1.443	1.489	1.523	1.541	1.577	1.718	1.756
Dalvíkurbyggð	53	53	55	53	52	52	52	58	61
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	2	1	14
Fjallabyggð	114	113	110	111	108	108	110	117	117
Grýtubakkahreppur	10	9	9	10	12	13	12	14	12
Hörgársveit	2	2	1	1	1	1	1	0	0
Langanesbyggð	14	20	21	23	23	21	24	27	30
Norðurþing	193	199	200	204	206	210	211	224	230
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	55	55	58	71	63	65	62	65	64
Samtals	1.837	1.857	1.898	1.963	1.989	2.013	2.051	2.224	2.284

## Austurland

Stöðugildum fjölgaði um 20 eða 3,4% á Austurlandi árið 2022 (tafla 10). Í Fjarðabyggð og Múlaþingi fjölgaði stöðugildum um 10, sem samsvarar 4,1% fjölgun hjá Fjarðabyggð og 3,2% hjá Múlaþingi. Í Fjarðabyggð fjölgaði um eitt til tvö stöðugildi hjá nokkrum aðilum en í Múlaþingi fjölgaði mest hjá RARIK og Vatnajökulspjóðgarði. Stöðugildum fjölgaði um tvö í Vopnafjarðarhreppi og í Fljótshreppi fækkaði þeim um tvö.

Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjarðabyggð	247	246	247	233	243	238	235	245	255
Fljótshreppur	15	15	14	15	15	15	15	16	14
Múlaþing	288	283	291	300	292	292	300	311	321
Vopnafjarðarhreppur	21	25	25	25	26	25	26	25	27
Samtals	571	569	577	572	575	570	575	597	617

## Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 147 eða um 9,1% á Suðurlandi árið 2022 (tafla 11). Mest fjölgaði stöðugildum í Sveitarfélaginu Árborg og í Bláskógabyggð. Í Árborg fjölgaði stöðugildum um 98 eða 14,5% og í Bláskógabyggð um 20 eða 32,8%. Í Sveitarfélaginu Árborg kemur fjölgunin fyrst og fremst til vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem hóf rekstur nýs hjúkrunarheimilis, Móbergs á Selfossi. Nokkur fjölgun var einnig m.a. hjá Fangelsismálastofnun og Háskóla Íslands. Á móti varð nokkur fækkun hjá Matvælastofnun og í dagdvöl aldraðra hjá Árborg. Í Bláskógabyggð fjölgaði aðallega hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í Vestmannaeyjabæ fjölgaði stöðugildum um átta árið 2022, meðal annars vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fjölgaði stöðugildum um sex en þar varð t.d. fjölgun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vatnajökulspjóðgarði og Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skaftárhreppi fjölgaði stöðugildum um fjögur en í Mýrdalshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi fjölgaði um þrjú í hvoru sveitarfélagi. Í Ölfusi fjölgaði stöðugildum um tvö og í Rangárþingi eystra um eitt. Fjöldi stöðugilda stóð í stað í Hveragerðisbæ og Hrunamannahreppi en í Rangárþingi ytra fækkaði stöðugildum um eitt.

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	49	62	61	72	83	85	54	61	81
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	14	15	16	15	14	13	17
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrunamannahreppur	3	3	2	4	5	4	4	4	4
Hveragerðisbær	174	185	200	200	197	192	193	208	208
Mýrdalshreppur	37	34	37	41	41	45	41	41	44
Rangárþing eystra	79	82	75	74	75	81	88	100	101
Rangárþing ytra	99	98	98	105	103	99	98	100	99
Skaftárhreppur	21	28	24	26	28	30	30	27	31
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	40	39	44	56	57	50	47	50
Sveitarfélagið Árborg	599	589	581	583	599	627	656	678	776
Sveitarfélagið Hornafjörður	108	101	108	127	129	126	140	135	141
Sveitarfélagið Ölfus	18	19	19	20	22	20	20	19	21
Vestmannaeyjabær	166	158	168	168	180	166	175	179	187
Samtals	1.406	1.411	1.428	1.477	1.535	1.547	1.564	1.613	1.760

### Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 66 í árslok 2022 og hafði þá fjölgað um fimm milli ára. Flest stöðugildin erlendis eru í sendiráðum Íslands.